



2023

# ALMENN VÍÐMIÐ

FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI



# ALMENN VIÐMIÐ OG AÐFERÐAFRÆÐI VEGNA KÖNNUNAR- OG MATSFERLIS HJÁ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM

6. útgáfa

# Efnisyfirlit

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| <b>1</b> | <b>Inngangur</b>   | <b>4</b>  |
| <b>2</b> | <b>Könnunar- og matsferli fjármálaeftirlits</b>                                | <b>6</b>  |
| 2.1      | Almennt  | 6         |
| 2.2      | Flokkun fjármálfyrirtækja eftir áhrifavægi                                     | 7         |
| 2.3      | Vöktun lykiláhættumælikvarða   | 7         |
| 2.4      | Mat á áhættuþáttum   | 7         |
| 2.5      | Áhættumatseinkunnir  | 13        |
| 2.6      | Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir  | 13        |
| <b>3</b> | <b>Mat fjármálaeftirlitsins á eiginfjárþörf</b>                                | <b>15</b> |
| 3.1      | Almennt  | 15        |
| 3.2      | Stoð II-R: Mat á eiginfjárþörf vegna áhættuþáttu                               | 15        |
| 3.3      | Stoð II-G: Mat á eiginfjárþörf á álagstínum (eiginfjáralag)                    | 17        |
| 3.4      | Stoð II-R og -G – LR: Mat á eiginfjárþörf vegna hættunnar<br>á óhóflegri vogun | 18        |
| 3.5      | Samanlöögð krafa um eiginfjárauka  | 18        |
| 3.6      | Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár              | 19        |
| 3.7      | Tilkynning og opinber birting á mati fjármálaeftirlitsins á eiginfjárþörf      | 20        |
|          | <b>Annex 1</b>   | <b>21</b> |
|          | <b>Annex 2</b>   | <b>36</b> |
|          | <b>Annex 3</b>   | <b>50</b> |

# 1

## Inngangur

---

Fjármálafyrirtæki skal hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu og meðhöndla áhættuþætti í starfsemi sinni í samræmi við lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu reglulega leggja mat á eiginfjár- og lausafjárþörf fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess, þ.m.t. áhættu sem felst í, eða getur hlotist af, starfsemi þess, sbr. sömu lög. Matið fer fram í svonefndu innramatsferli (e. internal capital adequacy assessment process, ICAAP, og internal liquidity adequacy assessment process, ILAAP), sem að jafnaði fer fram árlega, og skal fjármálafyrirtæki gera grein fyrir matinu í svonefndri ICAAP/ILAAP-skýrslu.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) leggur mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi fjármálafyrirtækis í svonefndu könnunar- og matsferli (e. supervisory review and evaluation process, SREP) samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í ferlinu fer fjármálaeftirlitið einnig yfir það með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar áhættuþætti í starfsemi sinni, meðal annars með hliðsjón af ICAAP/ILAAP-skýrslu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Ítarlegt könnunar- og matsferli er framkvæmt árlega, á tveggja ára fresti eða þriggja ára fresti, allt eftir stærð, kerfislegs mikilvægis, eðlis, umfangs og þess hversu margþætt starfsemin er. Mat á ákveðnum lykiláhættuþáttum er þó framkvæmt að jafnaði árlega og rýni á lykiláhættumælikvörðum fer fram a.m.k. ársfjórðungslega.

Markmið þessara viðmiða er að skilgreina og kynna með almennum hætti aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlitsins. Aðferðafræðin er í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli og álagspróf.<sup>1</sup> Viðmiðunarreglur EBA fela í sér ítarlegri lýsingu á aðferðafræði við könnunar- og matsferli sem fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt við eftirlitsframkvæmd sína og vísast því almennt til þeirra til nánari skýringa.

Í kafla 2 er fjallað almennt um aðferðafræði könnunar- og matsferlisins. Þar kemur fram hvernig fjármálafyrirtæki eru flokkuð eftir áhrifavægi og lýsing á vöktun lykiláhættumælikvarða, mati á einstökum áhættuþáttum, heildaráhættumati, eftirlitsaðgerðum og áhættumatseinkunnum. Þá er í kafla 3 sérstaklega fjallað um mat fjármálaeftirlitsins á eiginfjárþörf, eiginfjáruaka, aðgerðir vegna ónógs eigin fjár og fleira.

Til viðbótar við almennu viðmiðin eru þrír viðaukar á ensku. Í viðaukum 1 og 2 er skýrt frá viðmiðum fjármálaeftirlitsins (e. supervisory benchmarks) við mat á einstökum áhættuþáttum.

---

1. Guidelines on common procedures and methodologies for the supervisory review and evaluation process (SREP) and supervisory stress testing under Directive 2013/36/EU ([EBA/GL/2022/03](#)).

Annars vegar vegna útlána- og samþjöppunaráhættu<sup>2</sup> og hins vegar vegna markaðsáhættu.<sup>3</sup> Í viðauka 3 er fjallað um eiginfjárauka.<sup>4</sup>

Birting þessara almennu viðmiða samræmist lögum um fjármálfyrirtæki og stefnu fjármálaeftirlitsins um gagnsæi í starfsemi sinni. Á hinn bóginning eru ákveðnir þættir í aðferðafræði fjármálaeftirlitsins ekki gerðir opinberir, svo sem allir lykiláhættumælikvarðar, heildaráhættumats-einkunnir og breytur vegna flokkunar á áhrifavægi fjármálfyrirtækja. Að mati fjármálaeftirlitsins getur slík birting aukið líkur á eftirlitshögnun (e. regulatory arbitrage) og í einhverjum tilvikum unnið gegn því huglæga mati (e. supervisory judgement) sem á að liggja að baki könnunar- og matsferlinu.

---


2. Viðauki 1: Supervisory benchmarks for the setting of Pillar 2-R: Additional own funds requirements for credit and concentration risk.  
3. Viðauki 2: Supervisory benchmarks for the setting of Pillar 2-R: Additional own funds requirements for market risk.  
4. Viðauki 3: Capital buffers.

# 2

## Könnunar- og matsferli fjármálaeftirlits

### 2.1 Almennt

Könnunar- og matsferli fjármálaeftirlitsins er skipt í nokkra meginþætti, sbr. mynd 1. Nánar er fjallað um einstaka þætti í köflum 2.2.-2.6.



Til að tryggja viðeigandi eftirlit með hverju og einu fjármálfyrirtæki hefur fjármálaeftirlitið skilgreint grunneftirlitslíkan (e. minimum-engagement model), sbr. töflu 1, þar sem tegundir eftirlitsverkefna og tíðni þeirra eru tilgreind fyrir hvern áhrifavægisflokk, sbr. 82. gr. laga um fjármálfyrirtæki. Grunneftirlitslíkanið segir til um þau verkefni sem að jafnaði er talið að framkvæma þurfi til að viðhalda nauðsynlegri yfirsýn yfir áhættuþætti í starfsemi fjármálfyrirtækis. Þannig er mat á helstu áhættuþáttum tíðara hjá fjármálfyrirtækjum með hátt áhrifavægi. Jafnframt er gert ráð fyrir að eðli athugana og umfang þeirrar vinnu sem lögð er til grundvallar í hverju verkefni ráðist af áhrifavægisflokk og þeirri starfsemi sem fjármálfyrirtækið stundar.

Tafla 1 Grunneftirlitslíkan<sup>1</sup>

| Áhrifavægis-flokkun | Vöktun lykiláhættumælikvarða | Könnunar- og matsferli / Ákvörðun um eiginfjárkröfu | Mat á áhættuþáttum | Samskipti við fjármálfyrirtæki                  |
|---------------------|------------------------------|---|--------------------|---|
| 1                   | Ársfjórðungslega             | Árlega  | Árlega             | Regluleg samskipti við stjórn og stjórnendur    |
| 2                   | Ársfjórðungslega             | Annað hvert ár                                      | Árlega             | Regluleg samskipti við stjórn og stjórnendur    |
| 3                   | Ársfjórðungslega             | Priðja hvert ár                                     | Árlega             | Regluleg samskipti við stjórn og stjórnendur    |
| 4                   | Ársfjórðungslega             | Priðja hvert ár                                     | Árlega             | Áhættumiðuð samskipti við stjórn og stjórnendur |

1. Um er að ræða einfaldaða útgáfu eftirlitslíkansins.

## 2.2 Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi

Fjármálaeftirlitið beitir hlutfallsreglu (e. principle of proportionality) við eftirlit með fjármálafyrirtækjum. Fjármálafyrirtækjum er skipt í fjóra áhrifavægisflokk, sbr. töflu 2.

Við flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi styðst fjármálaeftirlitið við eigin aðferða-færði. Mat á áhrifavægi grundvallast einkum af stærð fjármálafyrirtækis, kerfislegs mikilvægis, eðlis, umfangs og þess hversu margþætt starfsemin er. Einnig er höfð hliðsjón af skilgreiningum samkvæmt 145. og 146. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR á litlum og einföldum fjármálafyrirtækjum og stórum fjármálafyrirtækjum. Matið byggir einkum á upplýsingum úr reglubundnum gagnaskilum fjármálafyrirtækja til fjármálaeftirlitsins, athugunum þess og öðrum fyrilliggjandi upplýsingum.

Könnunar- og matsferlið, þ.m.t. mat á eiginfjárbörf, fer fram að lágmarki árlega, annað hvert ár eða þriðja hvert ár eftir því í hvaða áhrifavægisflokk hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki fellur. Ferlið fer fram á samstæðugrunni og einingargrunni, eftir því sem við á, sbr. 109. gr. I laga um fjármálafyrirtæki.

Tafla 2 Áhrifavægisflokkun fjármálafyrirtækja

| Áhrifavægisflokkun      | Lýsing  |
|-------------------------|---|
| 1. Hátt áhrifavægi      | Fjármálafyrirtæki sem geta ógnað fjármálastöðugleika ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun.  |
| 2. Meðalhátt áhrifavægi | Fjármálafyrirtæki sem ógna ekki fjármálastöðugleika ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en geta þó haft töluverð áhrif á fjármálakerfið og stóran hluta viðskiptavina. |
| 3. Meðallágt áhrifavægi | Fjármálafyrirtæki sem hafa að jafnaði lítil áhrif á fjármálakerfið ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en geta þó haft áhrif á nokkurn fjölda viðskiptavina.           |
| 4. Lágt áhrifavægi      | Fjármálafyrirtæki sem hafa óveruleg áhrif á fjármálakerfið ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en geta þó haft áhrif á lítinn hóp viðskiptavina.                       |

## 2.3 Vöktun lykilhættumælikvarða

Fjármálaeftirlitið rýnir lykilhættumælikvarða (e. key risk indicators) hjá fjármálafyrirtækjum a.m.k. ársfjórðungslega, ásamt því að fylgjast með þróun fjármálamarkeðarins í heild sinni. Vöktun lykilhættumælikvarða byggir fyrst og fremst á reglubundnum gagnaskilum og getur gefið vís-bindingar um þróun áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja á milli athugana og hvaða áhættuþætti þurfi að kanna nánar. Fjármálaeftirlitið endurmetur reglulega lykilhættumælikvarðana sem það styðst við. Lykilhættumælikvarðarnir byggja meðal annars á **áhættumælikvörðum sem EBA** styðst við á hverjum tíma.

## 2.4 Mat á áhættuþáttum

Fjármálaeftirlitið framkvæmir að jafnaði árlega áhættumat fyrir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja.

Áhættumatið er meðal annars framkvæmt með athugunum og greiningum á gögnum sem geta varpað ljósí á áhættu í rekstri fjármálafyrirtækja og beinast að einstökum áhættuþáttum hjá fleiri en einu fjármálafyrirtæki í senn eða einstökum fjármálafyrirtækjum. Við áhættumatið er meðal annars stuðst við gögn sem skilað er til fjármálaeftirlitsins með reglubundnum hætti, athuganir á afmörkuðum áhættuþáttum (e. off-site inspections) og vettvangsathuganir (e. on-site inspections).

Mat á einstökum áhættuþáttum byggir á undirliggjandi áhættu (e. inherent risk) og áhættustýringu (e. risk management and controls) sem er til staðar hjá hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. Áhættumatinu er þannig ætlað að meta undirliggjandi áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem hlutaðeigandi fyrirtæki hefur gripið til og ætlað er að draga úr áhættunni.

Sérstök áhersla er lögð á að fjármálafyrirtæki taki aukið tillit til mats á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka við mat þeirra á einstaka áhættuþáttum, enda getur misbrestur á slíkum aðgerðum haft áhrif á aðra áhættuþætti í starfsemi þeirra og þannig haft áhrif á fjárhagslegt heilbrigði þeirra, traust á fjármálamarkaði og fjármálastöðugleika. Einnig hefur verið lögð áhersla á aukið samstarf þeirra sem sinna varúðareftirliti, eftirliti með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, sbr. 109. gr. dd laga um fjármálafyrirtæki.<sup>5</sup>

Í tengslum við mat á einstökum áhættuþáttum eru gefnar áhættumatseinkunnir, sbr. umfjöllun í kafla 2.5.

#### 2.4.1 Greining á viðskiptalíkani (áætlun og stefna)

Við greiningu á viðskiptalíkani (e. analysis of the business model) er lagt mat á þætti sem taldir eru geta ógnað lífvænleika<sup>6</sup> núverandi viðskiptalíkans og sjálfbærni<sup>7</sup> viðskiptastefnu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Viðskiptastefna fjármálafyrirtækis er greind og skoðuð með tilliti til áhættuvilja og rekstrarniðurstöðu þess undanfarin ár. Metið er hvort rekstrar- og efnahagslegar forsendur stefnunnar séu nægilega skýrar og raunhæfar.

Greiningin er unnin út frá viðskiptaáætlun, ICAAP/ILAAP-skýrslu fjármálafyrirtækis, reglubundnum gagnaskilum og öðrum gögnum sem óskað er eftir hverju sinni. Þær upplýsingar eru síðan bornar saman við fyrri athuganir og viðskiptalíkön annarra fjármálafyrirtækja. Stuðst er meðal annars við handbók EBA fyrir eftirlitsstofnanir um greiningu á viðskiptalíkönum. Staða fjármálafyrirtækis í viðskiptaumhverfinu er metin, helstu kennitölur greindar og lagt mat á eigindlega og megindlega (e. qualitative and quantitative) þætti viðskiptalíkansins sem og heildarstefnu fjármálafyrirtækisins. Þá er kannað hvort hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hafi samþættað áhættu vegna umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttu, eða UFS-áhættu (e. environmental, social and governance, ESG-risks) að viðskiptalíkani og viðskiptastefnu. Fjármálaeftirlitið kannar hvaða áhrif grunnsviðsmynd álagsprófa hefur á rekstrar- og efnahagsreikning fjármálafyrirtækis og hvort eiginfjárgrunnur þess sé nægur til að mæta heildarkröfu um eiginfjárgrunn (e. overall capital requirement) yfir spátímabilið, sbr. umfjöllun í kafla 3.3. Jafnframt eru viðtöl tekin við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur, lykilstarfsmenn og aðra starfsmenn hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, meðal annars til að fá dýpri og heildstæðari mynd af samspili viðskiptaáætlunar og áhættustýringar.

#### 2.4.2 Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti

Samkvæmt 50. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal fjármálafyrirtæki hafa traust fyrirkomulag stjórnarháttu sem felur í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindri, gagnsærrí og samræmdri skiptingu ábyrgðar, skilvirk ferli til að sannreyna, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættuþætti sem það stendur eða kann að standa frammi fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, sbr. 77. gr. a og 77. gr. b sömu laga, þ.m.t. traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag, og starfskjaraastefnu, sbr. 57. gr. a laganna, og framkvæmd hennar sem er í samræmi við og stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu.

Mat fjármálaeftirlitsins á stjórnarháttum og innra eftirliti (e. assessing internal governance and institution-wide controls) felur í sér könnun á því hvort stjórnarhættir fjármálafyrirtækis fullnægi kröfum sem gerðar eru til þeirra og séu viðeigandi og í samræmi við áhættuvilja, viðskiptaáætlun, eðli, umfang og starfsemi fjármálafyrirtækis. Þá er sérstök áhersla lögð á að meta hvort fyrirkomulag stjórnarháttu tryggi trausta stjórnun áhættu og feli í sér viðeigandi innra eftirlit. Við

- 
5. Guidelines on cooperation and information exchange between prudential supervisors, AML/CFT supervisors and financial intelligence units under Directive 2013/36/EU (EBA/GL/2021/15).
  6. Lífvænleiki (e. viability) viðskiptalíkans er geta fjármálafyrirtækis til að ná viðunandi ávöxtun næstu 12 mánuði.
  7. Sjálfbærni (e. sustainability) viðskiptastefnu er geta fjármálafyrirtækis til að ná viðunandi ávöxtun til framtíðar í a.m.k. þrjú ár, byggt á stefnumótandi áætlunum og fjárhagsspám.

mat á stjórnarháttum og innra eftirliti er horft til þess hvort veikleikar í stjórnarháttum og innra eftirliti skapi áhættu og hafi áhrif á starfsemi og sjálfbærni fjármálfyrirtækis. Matið tekur til eftirfarandi þátta:

- a. heildarumgjarðar stjórnarháttu og innra skipulags, sem skal innihalda skýrt skipurit,
- b. samsetningar, skipulags og starfsemi stjórnar og, eftir því sem við á, undirnefnda hennar,
- c. fyrirtækja- og áhættumenningar,
- d. starfskjarastefnu og framkvæmd hennar,
- e. umgjarðar innra eftirlits, sem skal fela í sér skilvirka og sjálfstæða áhættustýringu, regluvörslu og innri endurskoðunardeild,
- f. umgjarðar áhættustýringar, þ.m.t. ICAAP/ILAAP og samþykktarferli vegna nýrra afurða,
- g. framkvæmdar reikningsskila,
- h. útvistunarstefnu,
- i. upplýsingatæknikerfa og rekstrarsamfellu og
- j. endurbótaáætlunar.

Þeir þættir áhættustýringar og innra eftirlits sem beinast að einstökum áhættuþáttum eru metnir sérstaklega undir hlutaðeigandi áhættuþætti. Matið byggir á upplýsingum í ICAAP/ILAAP-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum til fjármálaeftirlitsins, viðtölum við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur, lykilstarfsmenn og aðra starfsmenn hlutaðeigandi fjármálfyrirtækis, vettvangsathugunum og öðrum athugunum sem og öðrum gögnum og upplýsingum.

Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti er unnið með hliðsjón af ýmsum viðmiðunarreglum EBA, einkum viðmiðunarreglum um innri stjórnarhætti<sup>8</sup> og um mat á hæfi<sup>9</sup> auk annarra viðmiðunarreglna<sup>10</sup> og viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti.

#### 2.4.3 Mat á áhættuþáttum sem hafa áhrif á eigið fé

Áhættugreining fyrir mikilvægustu áhættuþætti í starfsemi hlutaðeigandi fjármálfyrirtækis, sem hafa áhrif á eigið fé, er framkvæmd með kerfisbundnum hætti. Metin er undirliggjandi áhætta, gæði áhættustýringar og virkni innra eftirlitskerfis sem tengist hverjum áhættuþætti. Fyrir fjármálfyrirtæki eru eftirfarandi áhættuþættir metnir, meðal annars með hliðsjón af reiknaðri eiginfjárþörf.

Til grundvallar mati fjármálaeftirlitsins á einstökum áhættuþáttum, sem hafa áhrif á eigið fé, liggja gögn og upplýsingar sem felast í reglubundnum gagnaskilum fjármálfyrirtækis, einkum niðurstöðu innramatsferlis hlutaðeigandi fjármálfyrirtækis, sbr. ICAAP/ILAAP-skýrslu,<sup>11</sup> niðurstöðum vettvangsathugana og annarra athugana sem og öðrum upplýsingum sem kunna að teljast mikilvægar við matið. Fjármálaeftirlitið aflar einnig viðbótarupplýsinga, annars staðar frá, sem nýtast við mat þess, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálfyrirtækjum.

#### Útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhætta

Fjármálfyrirtæki skal beita eigin aðferðafræði sem gerir því kleift að meta útlána- og mótaðilaáhætta (e. credit and counterparty risk) af áhættuskuldbindingum einstakra viðskiptamanna, verðbréfum, verðbréfuðum stöðum og útláanasafni í heild samkvæmt 78. gr. a laga um fjármálfyrirtæki. Þá skal fjármálfyrirtæki einnig meta og stýra samþjöppunaráhætta (e. concentration risk) sem verður til vegna sérhvers mótaðila fyrirtækisins innan sama geira hagkerfisins, á sama landsvæði eða í sömu atvinnugrein eða aðilar sem framleiða sömu hrávöru samkvæmt 78. gr. c laga um fjármálfyrirtæki. Jafnframt skal fjármálfyrirtæki með stefnu og ferlum, meðhöndlum og stýrum

8. Guidelines on internal governance under Directive 2013/36/EU (EBA/GL/2021/05).

9. Joint ESMA and EBA Guidelines on the assessment of the suitability of members of the management body and key function holders under Directive 2013/36/EU and Directive 2014/65/EU (EBA/GL/2021/06).

10. Guidelines on outsourcing arrangements (EBA/GL/2019/02) og Guidelines on product oversight and governance arrangements for retail banking products (EBA/GL/2015/18) og til hliðsjónar Guidelines on sound remuneration policies under Directive 2013/36/EU (EBA/GL/2021/04).

11. Sbr. til hliðsjónar Guidelines on ICAAP and ILAAP information collected for SREP purposes (EBA/GL/2016/10).

þeirri áhættu sem verður eftir þegar viðurkenndar aðferðir þess við mildun útlánaáhættu reynast ekki jafn árangursríkar og vænst var (e. residual risk), sbr. 78. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

Útlánaáhættu er hættan á tapi af því að viðskiptamaður standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart lánveitanda, þ.e. standi ekki skil á skuldbindingum sínum í samræmi við umsamda skilmála. Með mótaðilaáhættu er átt við hættuna á tapi af því að mótaðili vegna afleiðuviðskipta, verðbréfalána eða endurhverfra verðbréfaviðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar í samræmi við umsamda skilmála. Samþjöppunaráhættu er hættan á tapi vegna ófullnægjandi dreifingar á lánasafni og skiptist í samþjöppun vegna lántaka (e. single-name), geira og landsvæða (e. sectoral and geographical).

Við mat á útlána- og mótaðilaáhættu fjármálafyrirtækis leggur fjármálaeftirlitið einkum áherslu á undirliggjandi áhættu og áhættustýringu.<sup>12</sup> Meðal þess sem er til skoðunar er:

- eðli, stærð, samsetning og gæði útlánasafnsins,
- vanskil og ívílnanir og meðferð þeirra,
- niðurfærslur og aðferðafræði við hana og
- áhættumildun og áhættustýring, þ.m.t. hvort hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur lagt mat á UFS-áhættu í útlánasafninu, einkum loftlagsáhættu (e. climate risk).

Við mat á undirliggjandi samþjöppunaráhættu skoðar fjármálaeftirlitið áhættu sem rekja má til fárra áhættuskuldbindinga eða áhættuskuldbindinga sem hegða sér á sambærilegan hátt m.t.t. vanskila og stýringu fjármálafyrirtækis á þeim. Felur matið í sér greiningu á hugsanlegri samfylgni áhættuskuldbindinga, sérstaklega á álagstíma. Við matið er einkum tekin til skoðunar lántakasamþjöppun, geirasamþjöppun og landsvæðasamþjöppun, samþjöppun í vöruframboði fjármálafyrirtækis og samþjöppun í tryggingum og ábyrgðum.

### Áhætta vegna verðbréfunar

Samkvæmt 78. gr. d laga um fjármálafyrirtæki skal fjármálafyrirtæki, meðal annars með stefnu og ferlum, meta og meðhöndlala áhættu, þ.m.t. orðsporsáhættu, vegna verðbréfunar (e. securitisation risk), þar sem fyrirtækið er fjárfestir, útgefandi eða umsýsluaðili slíkra gerninga. Fjármálafyrirtæki skal jafnframt tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endurspeglist að fullu í áhættumati og ákvörðunum stjórnenda. Fjármálafyrirtæki sem er útgefandi verðbréfunar á áhættuskuldbindingum vegna veltufjármögnumunar með ákvæðum um heimild til greiðslu fyrir gjalddaga skal hafa til staðar lausafjáráætlun þar sem tekið er tillit til áætlaðra afborgana og afborgana fyrir gjalddaga.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á það með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlari áhættu vegna verðbréfunar með tilliti til þess hvort hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki er fjárfestir, útgefandi eða umsýsluaðili slíkra gerninga.

### Markaðsáhætta

Fjármálafyrirtæki skal hafa stefnu og ferla til að greina, mæla og stýra öllum verulegum þáttum sem orsaka markaðsáhættu (e. market risk) og áhrifum af henni samkvæmt 78. gr. e laga um fjármálafyrirtæki.<sup>13</sup>

Markaðsáhætta er hættan á tapi af virði fjármálagerninga sem leiðir af óhagstæðum breytingum á undirliggjandi markaðsþáttum.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi markaðsáhættu fjármálafyrirtækja og stýringu hennar, bæði fyrir veltu- og fjárfestingabók. Þá metur fjármálaeftirlitið eftirtalda undiráhættupætti út frá eigin viðmiðum, sem byggja meðal annars á næmni- og VaR-greiningum:<sup>14</sup>

12. Sbr. m.a. Guidelines on management of non-performing and forborne exposures ([EBA/GL/2018/06](#)) og Guidelines on loan origination and monitoring ([EBA/GL/2020/06](#)).

13. Sjá nánari skýringar í viðauka 2.

14. Sbr. Guidelines on stressed value at risk (Stressed VaR) ([EBA/GL/2012/2](#)).

- vaxtaáhætta í veltubók (e. interest rate risk in the trading book),
- áhættuálag og vanskilaáhætta í veltubók (e. credit spread and default risk in the trading book),
- hlutabréfaáhætta í veltubók (e. equity risk in the trading book),
- gjaldeyrisáhætta (e. foreign exchange risk, FX risk),
- hrávöruáhætta (e. commodities risk),
- leiðréttigaráhætta vegna útlánavirðis (e. credit valuation adjustment risk, CVA risk),
- önnur áhætta en deltastuðulsáhætta (e. non-delta risk),
- grundvallaráhætta (e. basis risk),
- seljanleikaáhætta í veltubók (e. market liquidity risk),
- áhætta vegna samþykktra líkana (e. model risk for regulatory approved models) og
- verðtryggingaáhætta (e. inflation indexation risk).

### Vaxtaáhætta vegna viðskipta utan veltubókar

Fjármálafyrirtæki skal greina, meta og stýra áhættu vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á viðskipti þess utan veltubókar samkvæmt 78. gr. f laga um fjármálafyrirtæki.

Vaxtaáhætta vegna viðskipta utan veltubóka, eða fastvaxtaáhætta (e. interest rate risk arising from non-trading book transactions, IRRBB), er hættan á rýrnun á núvirði vaxtaberandi eigna og skulda í fjárfestingarbók vegna óhagstæðra breytinga á markaðsvöxtum.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á gæði stýringar fjármálafyrirtækis á fastvaxtaáhættu. Skoðuð eru áhrif þess að hliðra viðeigandi vaxtakúrfum út líftímann.<sup>15</sup> Áhrif þessara vaxtahliðrana á núvirði vaxtaberandi eigna og skulda í hverri mynt eru grunnur að áhættumati fjármálaeftirlitsins fyrir þennan áhættuþátt.

### Rekstraráhætta

Fjármálafyrirtæki skal hafa stefnu og ferla til að meta og stýra rekstraráhættu (e. operational risk), þ.m.t. vegna áhættulíkana og útvistunar, og fátíðra atburða sem geta haft alvarlegar afleiðingar samkvæmt 78. gr. g laga um fjármálafyrirtæki. Rekstraráhætta er hættan af fjárhagslegu og ófárhagslegu tjóni vegna ófulnægjandi innri ferla og kerfa, mistaka starfsmanna eða vegna utanað-komandi atvika.

Undiráhættuþættir rekstraráhættu eru meðal annars:

- hlítningaráhætta (e. compliance risk),
- háttsemisáhætta (e. conduct risk),
- laga- og stjórnmálaáhætta (e. legal and political risk),
- áhætta vegna notkunar líkana (e. model risk),
- viðbúnarðaráetlanir og rekstrarsamfella (e. business resilience and continuity plans),
- áhætta vegna fyrirkomulags útvistunar (e. risk arising from outsourcing arrangements),<sup>16</sup>
- áhætta vegna upplýsinga- og samskiptækni og öryggisáhætta (e. information and communication technology risk, ICT risk, and security risk)<sup>17</sup> og
- orðsporsáhætta (e. reputational risk).

Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi rekstraráhættu, með áherslu á framangreinda undiráhættuþætti og áhættuþætti sem þykja sérstaklega áhættusamir á hverjum tíma, þ.m.t. alvarlegar netógnir og fordæmisgefandi ágreiningsmál sem rekin eru fyrir dómstólum, og stýringu fjármálafyrirtækis á henni.

15. Sbr. Guidelines on the management of interest rate risk arising from non-trading book activities ([EBA/GL/2018/02](#)). Nýverið gaf EBA út uppfærðar viðmiðunarreglur, Guidelines issued on the basis of Article 84 (6) of Directive 2013/36/EU specifying criteria for the identification, evaluation, management and mitigation of the risks arising from potential changes in interest rates and of the assessment and monitoring of credit spread risk, of institutions' non-trading book activities ([EBA/GL/2022/14](#)), sem munu taka við af eldri viðmiðunarreglum í tveimur skrefum á árinu 2023, þ.e. í júni og desember, og mun fjármálaeftirlitið taka mið af þeim þegar þær taka gildi.

16. Guidelines on outsourcing arrangements ([EBA/GL/2019/02](#)).

17. Guidelines on ICT and security risk management ([EBA/GL/2019/04](#)).

## Áhætta vegna óhóflegrar vogunar

Fjármálfyrirtæki skal hafa stefnu og ferla til að greina, stýra og vakta áhættu sem hlýst af óhóflegri vogun (e. risk of excessive leverage). Á meðal áhættuvísa um óhóflega vogun er útreikningur vogunarhlutfalls og misräemi á milli eigna og skuldbindinga fjármálfyrirtækis, sbr. 78. gr. i og 6. mgr. 81. gr. laga um fjármálfyrirtæki.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 92. gr. CRR skal vogunarhlutfall (e. leverage ratio) fjármálfyrirtækis að lágmarki nema 3%. Um útreikning vogunarhlutfalls fer samkvæmt 429. gr. reglugerðarinnar.

Fjármálaeftirlitið kannar hvort fjármálfyrirtæki meðhöndli áhættu vegna óhóflegrar vogunar með varfærnum hætti og taki tillit til hugsanlegrar aukinnar áhættu vegna lækkunar á eigin fé vegna vænts eða innleysts taps og að það geti staðið af sér ólíka álagsatburði sem tengdir eru áhættu af óhóflegri vogun. Til viðbótar við mat á kerfum og ferlum fjármálfyrirtækis til að stýra áhættu vegna vogunar tekur fjármálaeftirlitið einnig mið af viðskiptalíkani fjármálfyrirtækisins.

### 2.4.4 Mat á lausafjár- og fjármögnunaráhættu

Mat á lausafjár- og fjármögnunarþörf er mikilvægur hluti könnunar- og matsferlisins, sbr. 79. og 81. gr. laga um fjármálfyrirtæki. Matið byggir á þremur þáttum. Í fyrsta lagi mati á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu (e. risks to liquidity and funding), í öðru lagi mati á undirliggjandi lausafjáráhættu og í þriðja lagi mati á undirliggjandi fjármögnunaráhættu.

Við mat á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu er meðal annars könnuð lausafjárstefna og lausafjárþolmörk, verklag, greining, mæling, stýring og eftirlit og upplýsingagjöf með áhættu, álagspróf, viðbúnaðaráætlanir og fjármögnunaráætlanir, og hvort framangreint sé í samræmi við eðli og umfang starfseminnar. Þá er lögð áhersla að kanna hversu vel fjármálfyrirtæki eru undirbúin fyrir lausafjár- og fjármögnunaráfall sem gæti haft áhrif á hlut-aðeigandi fjármálfyrirtæki eða jafnvel fjármálamarkaðinn í heild.

Mat á framangreindum þáttum byggir meðal annars á niðurstöðu innramatsferlis fjármálfyrirtækis, sbr. ICAAP/ILAAP-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum, niðurstöðum vettvangsathugana og annarra athugana sem og öðrum upplýsingum sem kunna að teljast mikilvægar við matið.<sup>18</sup> Niðurstaða matsins kann að leiða til þess að farið sé fram á sértæka kröfu um laust fé samkvæmt 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a laga um fjármálfyrirtæki, sbr. 9. mgr. sömu greinar, og bætta stýringu og eftirlit með áhættupáttunum. Niðurstaðan kann einnig að leiða til þess að gerð sé krafa um að lengja í gjalddögum fjármögnunar, skuldbindingar utan efnahags minnkaðar o.fl.

#### Lausafjáráhætta

Fjármálfyrirtæki skal hafa áætlanir, stefnu, verkferla, aðferðir og kerfi til að greina, meta, stýra og fylgjast með lausafjáráhættu sem nær yfir viðeigandi tíma, þ.m.t. innan dags, til að tryggja að fjármálfyrirtækið búi yfir nægu lausu fé, sbr. 1. mgr. 78. gr. h laga um fjármálfyrirtæki.

Lagt er mat á stöðu og þróun lausafjárlutfalla, en lánastofnanir skulu viðhalda 100% lausafjárlutfalli (e. liquidity coverage ratio, LCR) í öllum gjaldmiðlum samtals auk þess sem þær skulu hafa eftirlit með hlutfalli í einstökum gjaldmiðlum þar sem heildarskuldbindingar eru jafnar eða umfram 5% af heildarskuldum lánastofnunar (e. significant currency). Þá skulu lánastofnanir fullnægja að lágmarki 50% lausafjárlutfall í íslenskum krónum. Jafnframt er gerð krafa um að lánastofnanir fullnægi að lágmarki 80% lausafjárlutfall í evru, ef skuldbindingar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum hlutaðeigandi lánastofnunar.<sup>19</sup>

Við mat á undirliggjandi lausafjáráhættu er meðal annars lagt mat á lausafjárþörf til skamms og meðallangs tíma, lausafjáráhættu innan dags, lausafjáreignir og svigrúm til mótvægisáðgerða og álagsprófa Seðlabankans á lausafjáráhættu.

18. Við matið hefur fjármálaeftirlitið meðal annars hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2010, um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálfyrirtækja.

19. Samkvæmt 2. og 3. gr. reglna nr. 1520/2022, um lausafjárlutfall lánastofnana, sbr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61.

## Fjármögnunaráhætta

Fjármálafyrirtæki skal þróa aðferðafræði til að greina, mæla, stýra og fylgjast með fjármögnunarstöðum, sbr. 3. mgr. 78. gr. h laga um fjármálafyrirtæki.

Lánastofnanir skulu viðhalda 100% hlutfalli stöðugrар fjármögnunar (e. net stable funding ratio, NSFR) í öllum gjaldmiðlum samtals auk þess sem þær skulu hafa eftirlit með hlutfalli í einstökum gjaldmiðlum þar sem heildarskuldbindingar eru jafnar eða umfram 5% af heildarskulnum lánastofnunar.<sup>20</sup>

Við mat á undirriggjandi fjármögnunaráhættu er meðal annars lagt mat á samsetningu fjármögnunar, ógn við fjármálastöðugleika vegna samsetningar fjármögnunar, aðgengi að mörkuðum og vænta breytingu á fjármögnunaráhættu með hliðsjón af fjármögnunaráætlun.

## 2.5 Áhættumatseinkunnir

Áhættumatseinkunnir eru gefnar fyrir einstaka áhættuþætti og stýringu þeirra. Þær eru nýttar í eftirliti fjármálaeftirlitsins, meðal annars við forgangsröðun verkefna, og teljast þær hluti af áhættumatskerfi þess. Þær hafa ekki bein áhrif á einstaka kröfur fjármálaeftirlitsins um úrbætur, t.d. kröfu þess um hærri eiginfjárgrunn, og eru ekki birtar einstökum fjármálafyrirtækjum. Einkunnaskali áhættumats fyrir einstaka áhættuþætti er frá einum upp í fjóra.

## 2.6 Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir

Í árlegu heildaráhættumati fjármálaeftirlitsins eru dregnar saman niðurstöður mats á einstökum áhættuþáttum og stýringu þeirra. Heildaráhættumat er framkvæmt fyrir öll fjármálafyrirtæki óháð því hversu oft og hversu ítarlegt mat hefur farið fram á einstökum áhættuþáttum. Í tengslum við heildaráhættumat er gefin heildaráhættumatseinkunn. Einkunnaskali heildaráhættumatsins er frá einum upp í fjóra, sbr. töflu 3.

Í kjölfar heildaráhættumats og að undangengnu umræðuferli milli fjármálaeftirlitsins og hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eru viðeigandi eftirlitsaðgerðir ákvarðaðar og fjármálafyrirtækið upplýst um kröfur þess um úrbætur. Með viðeigandi eftirlitsaðgerðum er átt við aðgerðir er varða eiginfjárþörf og lausafjárþörf og aðrar eftirlitsaðgerðir. Krafa um úrbætur felur í sér stjórnavaldaðkvörðun, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993, og er hún tilkynnt fjármálafyrirtæki með formlegum hætti, sbr. umfjöllun í kafla 3.7.

Tafla 3 Heildaráhættumat

| Einkunn | Lýsing   |
|---------|--|
| 1       | Óveruleg eða lítil áhætta til staðar.  |
| 2       | Frekar lítil áhætta til staðar í rekstri fjármálafyrirtækis, en möguleiki er til úrbóta og mikilvægt að fylgjast með veikleikum í rekstri.   |
| 3       | Frekar mikil áhætta til staðar í rekstri fjármálafyrirtækis. Nauðsynlegt að beina athygli að hlutaðeigandi fyrirtæki og fara fram á úrbætur. Við sérstakar aðstæður kann beiting tímanlegra inngrípa samkvæmt 107. gr. c – 107. gr. e laga um fjármálafyrirtæki einnig að koma til skoðunar. |
| 4       | Mikil áhætta í rekstri fjármálafyrirtækis. Nauðsynlegt að grípa inn í og krefjast tafarlausra úrbóta. Beiting tímanlegra inngrípa kemur til alvarlegrar skoðunar.  |


Við heildaráhættumat er einnig unnt að gefa einkunnina F. Hún gefur til kynna að fjármálafyrirtæki sé á fallanda fæti (e. failing or likely to fail) í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 70/2020, um skilameðerð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja,<sup>21</sup> sbr. 52. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, sem kann að leiða til þess að gripið sé til slitameðferðar samkvæmt XII. kafla laga um

20. Samkvæmt 428. gr. b CRR.

21. Sbr. einnig Guidelines on the interpretation of the different circumstances when an institution shall be considered as failing or likely to fail under Article 32(6) of Directive 2014/59/EU (EBA/GL/2015/07).

fjármálafyrirtæki eða skilameðferðar samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sbr. mynd 2.

**Mynd 2 Tengsl reglubundins eftirlits, tímanlegra innngripa og þess hvort fjármálafyrirtæki er á fallanda fæti**



# 3

## Mat fjármálaeftirlitsins á eiginfjárþörf

### 3.1 Almennt

Fjármálaeftirlitið metur eiginfjárþörf með eftifarandi hætti undir stoð II (e. pillar 2):

- Mat á eiginfjárþörf vegna áhættuþáttta, þ.e. vanmats á undirliggjandi væntri tapsáhættu (e. expected losses) og óvæntrar tapsáhættu (e. unexpected losses) sem ekki er nægjanlega tekið tillit til undir stoð I (e. pillar 1) miðað við 12 mánaða tímabil (stoð II-R (e. pillar 2 capital requirement)).
- Mat á eiginfjárþörf á álagstínum, eða eiginfjáralag, þ.e. vegna hugsanlegra áhrifa á álagstínum (e. stressed conditions) sem ekki er nægjanlega tekið tillit til undir stoð I og stoð II-R eða með virkum eiginfjáraukum (stoð II-G (e. pillar 2 capital guidance)).
- Mat á eiginfjárþörf vegna áhættunnar af óhóflegri vogun, þ.e. áhættu vegna óhóflegrar vogunar fjármálfyrirtækis einkum með hliðsjón af vogunarhlutfalli þess sem ekki er tekið nægjanlega tekið tillit til undir stoð I (stoð II-R – LR (e. pillar 2 capital requirement for the risk of excessive leverage) og á álagstínum (stoð II-G – LR (e. pillar 2 guidance for the risk of excessive leverage).

### 3.2 Stoð II-R: Mat á eiginfjárþörf vegna áhættuþáttta

#### 3.2.1 Almennt

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 92. gr. CRR skal eiginfjárgrunnur fjármálfyrirtækja nema að lágmarki 8% af áhættugrunni (stoð I).<sup>22</sup>

Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálfyrirtækis skulu reglulega leggja mat á tegund, dreifingu og fjárhæð eiginfjárþarfar fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess, þ.m.t. áhættu sem felst í, eða getur hlotist af, starfsemi þess, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga um fjármálfyrirtæki. Matið fer fram í innramatsferli og skal fjármálfyrirtæki gera fjármálaeftirlitinu grein fyrir matinu þegar þess er óskað í svonefnndri ICAAP/ILAAP-skýrslu.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á áhættuþætti sem tengjast eiginfjárþörf fjármálfyrirtækja samkvæmt 79.–81. gr. laga um fjármálfyrirtæki, sbr. 107. gr. a sömu laga. Við matið liggja einkum til grundvallar upplýsingar sem fram koma í reglubundnum gagnaskilum fjármálfyrirtækja, einkum ICAAP/ILAAP-skýrslum, ársreikningum og skýrslum innri endurskoðunardeildar. Þá aflar fjármálaeftirlitið upplýsinga á fundum með stjórn og stjórnendum fjármálfyrirtækja, með vettvangsathugunum og sértækum athugunum og öðrum samskiptum á meðan á ferlinu stendur.

22. Eiginfjárgrunnur vegna stoðar I skal samsettur af eiginfjárþætti 1 (e. tier 1 capital, T1), þ.e. almennu eigin fé þáttar 1 (e. common equity tier 1 capital, CET1) og viðbótar eigin fé þáttar 1 (e. additional tier 1 capital, AT1), eiginfjárþætti 2 (e. tier 2 capital, T2) og frádráttarliðum. Þar af skal almennt eigið fé þáttar 1, eftir frádrátt, nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og þá skal eiginfjárþáttur 1, eftir frádrátt, nema að lágmarki 6% af áhættugrunni, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 92. gr. CRR. Áhættugrunnur fjármálfyrirtækja er samtala veginna áhættuþáttta sem starfsemin felur í sér, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Mat fjármálaeftirlitsins leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir og aðferðir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, ásamt innri ferlum og framkvæmd þeirra, séu fullnægjandi, hvort stjórnarhættir séu traustir og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeirri áhættu sem felst í starfseminni. Niðurstaðan getur leitt til þess að fjármálaeftirlitið neyti heimildar til að mæla fyrir um eftirfarandi eftirlitsaðgerðir samkvæmt 3. mgr. 107. gr. a laga um fjármálafyrirtæki:

1. Hærri eiginfjárgrunn en gerð er krafa um í CRR, þ.e. hærri eiginfjárgrunni en sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.2.
2. Endurbætur á innri ferlum, sbr. IX. kafla laganna.
3. Að fjármálafyrirtæki setji fram sérstaka áætlun um það hvernig fyrirtækið muni uppfylla kröfur laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim, auk þess að setja fjármálafyrirtækjum tímafresti varðandi framkvæmd áætlunarinnar, þ.m.t. vegna fresta eða endurbóta sem unnar eru á áætluninni.
4. Niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni.
5. Hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis eða, eftir því sem við á, sölu eigna eða viðskiptaeininga sem skapa óhóflega áhættu.
6. Að dregið sé úr áhættu sem starfsemi, viðskiptaafurðir eða kerfi fjármálafyrirtækis felur í sér, þ.m.t. vegna útvistaðrar starfsemi.
7. Að fjármálafyrirtæki takmarki kaupauka við hlutfall af hreinum hagnaði þar sem útgreiðsla þeirra leiðir til ófullnægjandi eiginfjárgrunns.
8. Að fjármálafyrirtæki noti hreinan hagnað til að styrkja eiginfjárgrunninn.
9. Að arð- og vaxtagreiðslur til hluthafa, stofnfjáreigenda og eigenda gerninga viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuli takmarkaðar eða bannaðar, enda feli það ekki í sér vanskil af hálfu fjármálafyrirtækis.
10. Sérstakar kröfur um að viðhalda lausu fé, þ.m.t. vegna misræmis í líftíma eigna og skuldbindinga fjármálafyrirtækis.
11. Aukin gagnaskil.
12. Sírtæka upplýsingagjöf til markaðar.

Jafnframt getur fjármálaeftirlitið komið athugasemdum og ábendingum á framfæri í samræmi við 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Við mat á eiginfjárþörf fjármálafyrirtækis til að mæta óvæntu tapi, leggur fjármálaeftirlitið heildstætt mat á helstu áhættuþætti í rekstri þess og styðst einkum við eftirfarandi:

- ICAAP/ILAAP-skýrslu fjármálafyrirtækis,
- viðmið fjármálaeftirlitsins um mat á eiginfjárþörf vegna einstakra áhættuþátta<sup>23</sup> og
- önnur gögn sem skipt geta máli, s.s. sérfræðimöt, mat á eigin fé sambærilegra fjármálafyrirtækja, og upplýsingar sem fram koma í reglubundnu eftirliti og gagnaskilum og öðrum samskiptum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.

Með það að markmiði að auka gæði mats fjármálaeftirlitsins á áhættuþáttum sem tengjast eiginfjárþörf fjármálafyrirtækja hefur það sett eigin viðmið fyrir undirþætti einstakra áhættuþátta. Engu að síður er áhersla lögð á að fjármálafyrirtæki þrói og beiti eigin ítarlegri aðferðafræði við mat á undirliggjandi áhættu. Ef fjármálaeftirlitið telur að aðferðafræði fjármálafyrirtækis fullnægjandi og viðeigandi er hún einkum lögð til grundvallar við mat á eiginfjárþörf þess. Telji fjármálaeftirlitið að viðmið fjármálafyrirtækis séu ekki fullnægjandi eða viðeigandi<sup>24</sup> byggir það mat sitt á eiginfjárþörf fjármálafyrirtækis fremur á eigin viðmiðum að teknu tillit til þeirra áhættuþáttu

23. Sjá nánar í viðaukum 1 og 2.

24. Með fullnægjandi er átt við hvort aðferðafræðin sé tölfraðilega traust eða skynsamleg. Með viðeigandi er átt við hvort aðferðafræðin nái til þeirra áhættuvalda sem skipta mestu máli hverju sinni. Í mati sínú horfir fjármálaeftirlitið meðal annars til þess hvort aðferðir bankans séu nægilega: ítarlegar, trúverðugar, skiljanlegar og samanburðarhæfar.

sem hvert og eitt fyrirtæki stendur frammi fyrir (e. institution specific). Viðmiðum eftirlitsins er ekki ætlað að vera grundvöllur að eigin áhættumati fjármálfyrirtækis fyrir undirliggjandi áhættu heldur er brýnt að fyrirtækið framkvæmi eigið mat á þeim áhættuþáttum sem eru í rekstri þess með fullnægjandi hætti.

Í mati fjármálaeftirlitsins á viðbótareiginfjárþörf (stoð II-R) er eigið fé sem fjármálfyrirtæki viðheldur vegna grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I) ekki vegið upp á móti því eigin fé sem fjármálfyrirtæki ber að viðhalda vegna áhættuþáttu sem þar eru metnir og mynda viðbótareiginfjárkröfuna. Að sama skapi er ekki tekið tillit til áhættudreifingar og hugsanlegra áhrifa milli einstakra áhættuþáttu (e. inter-risk diversification), svo sem á milli útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Á hinn bóginn skal fjármálaeftirlitið í matinu taka tillit til áhættudreifingar og áhrifa milli undirþáttu einstakra áhættuþáttu (e. intra-risk diversification), svo sem landfræðilegrar samþjöppunar, geirasamþjöppunar og annarra viðeigandi einstakra undiráhættuþáttu og leggja mat á eiginfjárþörf vegna hvers undiráhættuþáttar ef við á. Slík fjölbreytingaráhrif hafa þó ekki áhrif á mat áhættuþáttum sem tekið er tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn.

Við mat á eiginfjárþörf miðar fjármálaeftirlitið við fjárhagsupplýsingar um áramót. Þótt endanlegt mat á eiginfjárþörf liggi fyrir um hálfu ári síðar, er ekki tekið tillit til breytinga á þróun einstakra undiráhættuþáttu, nema heildaráhrif allra undiráhættuþáttu leiði til verulegrar hækkunar eða lækkunar á eiginfjárþörf. Þetta gildir eðli málsins samkvæmt aðeins um áhættuþætti sem hafa áhrif á eigið fé.

### 3.2.2 Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn

